



Ár 2012, fimmtudaginn 28. júní, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málinu nr. 1/2012

**Mótsstjórn Arionbanka mótaröðarinnar (1. mótt)
gegn
Sigurði Elvari Þórólfsyni**

Þann 31. maí sl. barst aganefnd kæra frá mótsstjórn fyrsta stigamótsins á Arionbanka mótaröðinni, dags. 31. maí 2012, á hendur Sigurði Elvari Þórólfsyni, Golfklúbbnum Tudda (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots í mótinu sem fram fór á Garðavelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur þann 19. maí sl. Í kæru er kærða gefið að sök brot á siðareglum með framkomu sinni gagnvart starfsmanni mótsins. Þess er krafist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 4. júní sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á henni. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigönum og skorað á hann að halda uppi vörnum í málinu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, skv. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Greinargerð kærða barst aganefnd þann 13. júní sl., eftir að kærða hafði verið veittur viðbótarfestur til greinargerðarskila. Í greinargerð kærða kom fram lýsing hans á málavöxtum og þótt það sé ekki orðað með berum hætti í greinargerð kærða, kýs aganefnd að leggja þann skilning í greinargerðina að kærði krefjist þess aðallega að vera ekki beittur viðurlögum vegna meints brots síns en til vara að hann verði láttinn sæta vægustu viðurlögum sem völ er á.

Aganefnd telur ekki þörf á munnlegum flutningi málsins eða skýrslutökum og verður úrskurður nefndarinnar því reistur á þeim skriflegu gögnum sem nefndinni hafa borist.

I. Málavextir

Í málinu eru málsatvik að mestu óumdeild, að minnsta kosti hvað varðar þau atriði sem aganefnd telur skipta máli við úrlausn málsins. Óumdeild málsatvik voru þau að sonur kærða var skráður til leiks í fyrsta stigamót þessa árs á Arionbanka mótaröðinni. Vegna mistaka við skráningu hjá mótsstjórn var drengurinn skráður í rangan flokk og hafði fengið úthlutað rástíma í þeim flokki. Skömmu áður en hann átti að hefja leik uppgötvuðust mistökin og var kærða tilkynnt að drengurinn gæti ekki leikið með í mótinu. Þegar kærði fékk þessar upplýsingar fór hann á mótsstað til að ræða malið við mótsstjórn. Þar hitti hann fyrir starfsmann mótsstjórnar og samkvæmt greinargerð kærða missti hann stjórn á skapi sínu um stundarkorn og beindi reiði sinni að starfsmanninum.

Daginn eftir fór kærði á mótsstað til að biðja starfsmanninn afsökunar á hegðun sinni en hitti starfsmanninn ekki fyrir. Þess í stað bað hann annan starfsmann mótsins um að koma til skila afsökunarbeiðni sinni auk þess sem hann sendi Golfklúbbi Reykjavíkur skriflega

afsökunarbeiðni. Í greinargerð sinni til aganefndar ítrekaði kærði þá afstöðu sína að hann sæi eftir atvikinu.

II. Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt 1. og 3. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ skal nefndin úrskurða um agabrot og óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu hvort heldur í hlut eiga leikmenn, forystumenn golfklúbba, dómarar, áhorfendur, þjálfarar eða aðrir.

Virðing og kurteisi gagnvart keppendum, dómurum, mótsstjórn og öðrum starfsmönnum golfmóta verður að teljast sjálfsögð auk þess sem hún hefur verið fest í golfreglur. Þá hvílir t.a.m. sú skylda á kylfingum að sýna starfsmönnum golfmóta ávallt tilhlýðilega virðingu við leik sinn, sbr. 10. gr. keppnisskilmála mótanefndar GSÍ sem gefnir eru út skv. reglu 33-1 í golfreglum fyrir þau móti sem haldin eru á vegum sambandsins, 10. gr. móta- og keppendareglina GSÍ auk 14. gr. móta- og keppendareglina Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Við mat á því hvort hegðun telst vera óprúðmannleg eða ámælisverð telur aganefnd eðlilegt að leggja þessar reglur til grundvallar, auk almennra mælikvarða.

Þó lýsing málsaðila sé ekki að öllu leyti sambærileg um orðaskipti á milli kærða og starfsmanns mótsins, er hún óumdeild hvað varðar þau atriði málsins sem aganefnd telur skipta máli vegna niðurstöðu sinnar. Kærði hefur í málinu viðurkennt að hafa misst stjórn á skapi sínu gagnvart starfsmanni mótsins sem jafnframt var fulltrúi mótsstjórnar í umrætt sinn. Er það ámælisvert að mati aganefndar, sér í lagi þegar horft er til þess að um ungingamót var að ræða þar sem fjöldi barna og ungmenna er saman kominn.

Kærði hefur gengist við því að hegðun hans í umrætt sinn sé ekki til efturbreytni. Til þess ber einnig að líta að kærði hefur beðist velvirðingar á háttsemi sinni.


Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða aganefndar að háttsemi kærða hafi verið ámælisverð. Þykja viðurlög hæfilega ákveðin áminning til kærða. Ekki þykir ástæða til að skilyrða áminninguna, líkt og heimilt er skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd.

III. Úrskurður

Kærði er áminntur.

Reykjavík, 28. júní 2012
f.h. aganefndar


Haukur Örn Birgisson


Jónatan Ólafsson


Sigurður Geirsson